

Hr. Bjarni Benediktsson
Fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2016

Efni: Athugun Bankasýslu ríkisins á sölumeðferð Landsbankans hf. á 31,2% eignarhlut í Borgun hf.


Bankasýsla ríkisins vísar til bréfs þíns, dags. 11. febrúar 2016, sem fjallar um sölu Landsbankans hf. á eignarhlut í Borgun hf., umræðu undanfarinna vikna um sölu, fyrirhugaða sölumeðferð ríkisins á eignarhlut í bankanum og traust til bankans og stjórnenda hans.

Bankasýsla ríkisins sendi bréf til Landsbankans hf., dags. 26. janúar 2016, þar sem óskað var eftir upplýsingum um sölumeðferð eignarhluta í eigu Landsbankans og þá sérstaklega í Borgun hf. Hefur stofnunin nú farið yfir sölumeðferðina á grundvelli svarbréfs bankans, dags. 11. febrúar 2016, og annarra opinberra upplýsinga.


Það er niðurstaða athugunar Bankasýslu ríkisins, sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar til bankans, dags. 11. mars 2016, og afhent hefur verið bankaráði hans, að sölumeðferðin hafi varpað verulegum skugga á árangur Landsbankans undanfarin misseri og að fagleg ásýnd bankans og stjórnenda hans hafi beðið hnekki. Er bréf stofnunarinnar hjál lagt.

Mikilvægt er að Landsbankinn endurheimti traust eigenda sinna, viðskiptavina og fjárfesta sem og almennings í landinu. Af þeim sökum telur Bankasýsla ríkisins að bankaráð Landsbankans hf. verði að grípa til viðeigandi ráðstafana til að endurheimta það traust sem bankinn tapaði vegna sölumeðferðarinnar. Fer stofnunin fram á að hluthöfum í Landsbankanum hf. verði hið fyrsta gerð grein fyrir því með hvaða hætti bankaráðið telur rétt að bregðast við og ekki síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund sem fram fer þann 14. apríl nk.

Virðingarfyllst,



Lára L. Blöndal
Formaður stjórnar



Jón G. Jónsson
Forstjóri